

Umhverfis- og skipulagsnefnd



Langanesbyggð

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir sveitarstjórn og fer með umhverfis- og skipulagsmál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um og önnur þau málefni eftir því sem nánar greinir í samþykkt þessari.

Skipan nefndarinnar

Í umhverfis- og skipulagsnefnd eiga sæti 5 fulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir 5 fulltrúar til vara. Sveitarstjórn Langanesbyggðar kýs formann nefndarinnar en á fyrsta fundi hennar kýs nefndin sér sjálf varaformann.

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem nefndin fjallar um hverju sinni.

Hlutverk

Hlutverk umhverfis- og skipulagsnefndar er að fara með umhverfis- og skipulagsmál samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem kunna að gilda um viðfangsefni hennar. Nefndin hefur eingöngu heimild til þess að stofna til útgjalda sem þegar eru að finna í gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Aðrar útgjaldatillögur skal leggja fyrir sveitarstjórn í formi sérstaks erindis sem tekið er til afgreiðslu á fundi nefndarinnar og fært í fundargerð og öðlast þær ekki gildi fyrr en með samþykkt sveitarstjórnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd skal í störfum sínum gæta þess að framkvæmd umhverfis- og skipulagsmála verði ávallt í samræmi við gildandi markmið aðalskipulags og gildandi deiliskipulagsskilmála hverju sinni.

Nefndin skal hafa frumkvæði að gerð og endurskoðun skipulags. Umhverfis- og skipulagsnefnd skal ávallt hafa að markmiði í störfum sínum að stuðla að því að ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar, mannvirki í sveitarfélaginu og umhverfi líti sem best út og snyrtimennska og góð umgengni sé í heiðri höfð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem

leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

Nefndin gerir tillögur til sveitarstjórnar og meðal hlutverka hennar er:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í umhverfis- og skipulagsmálum.
- Að stuðla að kynningu til almennings og fyrirtækja um umhverfis- og skipulagsmál.
- Að gera tillögur um markmið og úrbætur í umhverfis- og skipulagsmálum í sveitarfélaginu.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í umhverfis- og skipulagsmálum ná fram að ganga.
- Að sinna stefnumótunarverkefnum í umhverfismálum hjá Langanesbyggð á hverjum tíma
- Að vinna að því að efla vitund íbúa sveitarfélagsins á mikilvægi umhverfisverndar
- Að hafa eftirlit með svæðum á náttúruminjaskrá og opinberum skógræktar- og landgræðslusvæðum, opnum svæðum, almennum leiksvæðum, útivistarsvæðum og gönguleiðum.
- Að leggja fram tillögur að merkingu gönguleiða, náttúruminja, fornminja og staða sem hafa sögulegt gildi.
- Að hafa eftirlit með skráðum og friðlýstum fornminjum og leggja fram tillögu til aðgerða ef hættu er talin á að þær raskist eða fari forgörðum.
- Að fara með málefni sorphreinsunar í Langanesbyggð.
- Að hafa frumkvæði að aðgerðum til að efla endurvinnslu og endurnýtingu með sorpflokkun.
- Að sjá til þess að fylgt sé lögum, reglum og fyrirmælum er varða fráveitumál.
- Að stuðla að niðurrifi ónýtra húsa og bygginga og að rusl sé ekki skilið eftir á víðavangi s.s. girðingar o.fl.
- Að gangast fyrir sérstöku átaki til förgunar á brotajárni og hreinsunarátaki svæðisbundið eða almennt í sveitarfélaginu.
- Að stuðla að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni, fallegum mannvirkjum og áhugaverðum verkefnum á sviði umhverfisnefndar.
- Að tryggja að framkvæmd skipulags- og byggingarmála verði ávallt í samræmi við markmið gildandi aðalskipulagsáætlunar og deiliskipulagsskilmála á hverjum tíma
- Að fara með málefni er varða samgöngur, umferð og umferðaröryggi í Langanesbyggð
- Að gera með tillögu að úthlutun lóða og leigulands í sveitarfélaginu í samræmi við leiðbeinandi reglur um úthlutun lóða sem sveitarstjórna Langanesbyggðar setur.
- Að vinna önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.
- Að yfirfara drög að fjárhagsáætlun vegna þeirra málaflokka sem undir starfssvið nefndarinnar heyrir og eftir atvikum koma með tillögur að breytingum

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar og skal þeim fylgt þar sem við á s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Umhverfis- og skipulagsnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Skalt nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum. Skytt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna nefndarinnar krefst þess. Nefndin skal að jafnaði funda eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sveitarskrifstofu. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent öllum fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundinum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Aukafund má boða með sólarhringsfyrirvara. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundirnir verði boðaðir með rafrænum hætti.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Formaður nefndarinnar skal halda sveitarstjóra upplýstum um störf nefndarinnar.

Eftirfylgni

Formaður umhverfis- og skipulagsnefndar skal snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar sem sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komist til framkvæmda.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfis- og skipulagsnefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar, eftir atvikum, s.s. til að mynda með vísan til IV. kafla í samþykkt sveitarfélagsins um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar eins og þau eru á hverjum tíma.

Samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar **12. maí 2015**

Elías Pétursson
sveitarstjóri